

7. fundur Skólaráðs Grunnskóla Grindavíkur,
21. mars 2012 kl. 17.30.

Mættir voru: Guðjóna Breiðfjörð, Viktoría Róbertsdóttir, Jóhannes Gunnar Sveinsson, Sigurður Kristmundsson, Matthildur Þorvaldsdóttir og Pálmi Ingólfsson. Sigríður Fjóra Benónýsdóttir, boðaði forföll. Lárus Guðmundsson boðaði ekki forföll. Ekki náðist í Nökkva Harðarson.

Dagskrá:

1) Niðurstöður foreldrakönnunar 2012.

Pálmi fór yfir niðurstöðunar á skjávarpa í stórum dráttum og dró út það helsta. Umræður urðu töluverðar og kom m.a. fram að spurningar mættu vera hnitmiðaðri og könnunin væri allt of löng. Matsteymi skólans mun vinna frekar með niðurstöðurnar og kynna fyrir starfsfólki. Eins verður gerður samanburður á milli ára. Þá er fyrirhugað að setja niðurstöðurnar á heimasíðu skólans þannig að þær séu aðgengilegar foreldrum o.fl.

2) Umbótaáætlun Grunnskóla Grindavíkur 2010-2011 og fyrri hluti 2011-2012.

Umbótaáætlunin er unnin út frá sjálfsmati sem farið hefur fram við vinnu á gæðagreinum. Það sem þegar hefur verið unnið á líðandi skólaári er gæðagreinir 5.5 sem fjallar um að bæta samskipti, gagnkvæma virðingu og skólabrag. Gæðagreinir 5.6 er um hvernig stuðla skuli að jafnrétti og sanngirni innan skólasamfélagsins. Þá er gæðagreinir 5.9 um hvernig umbótastarf verði markvissara sem leiðir til árangursríkara skólastarfs.

3) Hugmyndir að nýju bókasafni og tónlistarskóla sem viðbygging við Grunnskóla Grindavíkur.

Lagðar voru hugmyndir að teikningum fyrir skólaráð. Fundarmönnum leist vel á þessar hugmyndir.

Önnur mál

Ekkert kom fram undir liðnum önnur mál. Næsti fundur er áætlaður 25.apríl kl. 17.30 í Grunnskóla Grindavíkur.

Fundi slitið kl. 18.30